

EFTIRLITSSKÝRSLA

Alcoa-Fjarðaál Reyðarfirði Reyðarfjörður



UMHVERFISSTOFNUN

Dags eftirlits	10.10.2018	Ábyrgðarmaður eftirlits	Halla Einarsdóttir
Fyrirtæki	Alcoa-Fjarðaál Reyðarfirði	Eftirlitsmaður	Hulda Soffía Jónasdóttir
Heimili	Hrauni 1	Tegund eftirlits	Reglubundið seinna eftirlit
Kennitala	5203034210	Flokkur	Ál
Fulltrúi fyrirtækis	Guðmundur Sveinsson Kröyer	ÍSAT nr.	24.42.0
Fulltrúi fyrirtækis	Páll Freysteinsson/ Dagný Reynisd.	Staðsetning	729651,982 512054,012

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Farið var í seinna reglubundna eftirlit ársins. Í eftirlitinu komu ekki fram ný frávik en ein ábending var gerð er varðar umgengni í kerskála.

UMFANG EFTIRLITS

Umfang eftirlitsins var eftirfarandi:

1. Kerlekar, tíðni og árangur af fyrirbyggjandi aðgerðum
2. Flúor í grasi
3. Umhverfissvöktunaráætlun
4. Úrgangsskráningar
5. Drög að áhættumati til að meta tíðni eftirlits
6. Skoðunarferð

1. Umhverfisstofnun hefur verið tilkynnt um 7 kerleka frá síðasta eftirliti sem er talsvert fleiri lekar en almennt gerist í verksmiðjunni. Farið var yfir orsakir kerlekana og fyrirbyggjandi aðgerðir. Bætt hefur verið við starfsmönnum og mælingum til að meta ástand kerja og náði er fylgst með kerjum sem lenda í óstöðugleika (hættu á að fari að leka). Í þeim tilvikum þegar útskýrðan kerleka er að ræða fer atvikið í gegnum rannsókn og rótargreiningu. Þegar kerlekar verða þarf í sumum tilvikum að draga úr straumi og afsogi og í verstu tilvikunum að slá út straumi. Við þessar aðstæður getur reyklosun aukist tímabundið en þó í það stutta stund að það hefur ekki veruleg áhrif á heildarlosun. Losun ryks og flúors frá kerskála hefur verið vel innan skilgreindra starfsleyfismarkna á árinu.

2. Flúor í grasi. Mælingar á styrk flúors í grasi mældist með hæsta mótí á júní á árinu en fóru svo lækkandi þegar á leið. Talsverður breytileiki er á styrk á milli mælinga en meðaltalið yfir sumarið í heild er 35,1 µg/g utan þýnningarsvæðis. Rekstraraðili upplýsti búfjáreigendur um niðurstöður mælinganna í hvert sinn sem þær bárust í sumar.

3. Farið var yfir umhverfissvöktunaráætlun en ekki hefur verið lokið við uppfærslu á henni. Í febrúar sl. kom rekstraraðili á fund Umhverfisstofnunar og kom með ósk um endurskoðun á ákvæðum varðandi umhverfissvöktun loftgæða ofl. Stofnunin óskaði eftir skriflegu erindi þar um til að stofnunin gæti tekið það til afgreiðslu. Tölvupóstur var sendur rekstraraðila 9. október sl. þar sem að óskað var eftir uppfærslu á nokkrum atriðum í áætluninni.

4. Farið var yfir úrgangsskráningar en Gámaþjónusta Austurlands sér um skráningar á úrgangi hjá verksmiðjunni. Farið var yfir útflutningsleyfi og skráningarblöð úrgangs sem fluttur er á milli landa. Haldið er utanum skráningarnar á miðlægum gagnagrunni. Unnið er að endurbótum á skráningum til að fá betri yfirsýn yfir birgðastöðu á hafnarsvæði.

5. Áhættumat til að meta tíðni eftirlits. Með reglugerð nr. 550/2018 komu ákvæði um að tíðni eftirlits skyldi metin út frá kerfisbundnu áhættumati. Umhverfisstofnun vinnur að kerfisbundnu áhættumati sem grunn að áætlun fyrir tíðni eftirlits m.a. fyrir álver.

6. Farið var í skoðunarferð um kerskála og skautsmiðju þar sem að lögð var áhersla á að skoða merkingar á úrgangi sem beið útflutnings.

ÁBENDINGAR

Umgengni um kerskála var nokkuð ábótavant. Talsvert var af götóttum kerlokum og ryk og óhreinindi á gólfum.

ANNAÐ

Dröfn Svanbjörnsdóttir frá HAUST var viðstödd eftirlitið.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 19.11.2018

Halla Einarsdóttir

Halla Einarsdóttir